



Alþingi

Erindi nr. P 139/2287

komudagur 6.5.2011

1

LÍFEYRISJÓÐUR BANKAMANNA

Skipholti 50 b, • 105 Reykjavík • Sími 569 0900 • Fax 569 0909
lifbank@lifbank.is • www.lifbank.is

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2011

Lífeyrissjóður bankamanna leggur mikla áherslu á að sú breyting nái fram að ganga sem lögð er til í 1. grein frumvarps í máli nr. 704 sem nú er til meðferðar í þinginu og er breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með síðari breytingum.

Sú breyting sem gerð var á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með lögum nr. 75/2010, þar sem þrengd voru skilyrði til stjórnarsetu í lífeyrissjóðum, hefur að öllu leyti kollvarpað þeirri meginreglu sem viðhöfð hefur verið í Lífeyrissjóði bankamanna, að stjórnin sé skipuð greiðandi sjóðfélögum. Í 82 ára sögu sjóðsins hefur nær undantekningarlaust sjóðfélagi skipað stjórnarsæti.

Lífeyrissjóður bankamanna hefur þannig verið uppbyggður alla tíð að stjórnarmennirnir hafa annars vegar verið tilnefndir af hálfu aðildarfyrirtækjanna og hins vegar verið kosnir á ársfundum sjóðsins. Í seinni tíð hefur hvor aðili valið þrjú stjórnarmenn. Það hefur því verið um virkt lýðræði að ræða en um það er sterk krafa í samfélaginu í dag.

Eins og gefur að skilja hefur stærsti hluti sjóðfélaga í lífeyrissjóðnum verið starfsmenn fjármálafyrirtækja og á sama hátt hefur stærsti hluti stjórnarmanna verið skipaður fulltrúum þeirra fyrirtækja.

Eins og Fjármálaeftirlitið hefur túlkað áður nefnda breytingu á skilyrðum til stjórnarsetu með lögum nr. 75/2010, sem er á þann veg að sjóðfélagi sem er starfsmaður í viðskiptabanka í dag geti ekki setið í stjórn lífeyrissjóðsins, hefur gert það að verkum að óásættanleg staða hefur komið upp. FME hefur nú gert þá kröfu að þrír stjórnarmenn sem eru starfsmenn Landsbankans og Arion banka víki þegar úr stjórninni.

Hér á eftir verða nefndar nokkrar ástæður fyrir því að staða þessi er óásættanleg fyrir lífeyrissjóðinn og einnig fyrir sjóðfélagan:

1. Það er gegn öllum megin reglum að venjulegur starfsmaður geti ekki setið í stjórn síns lífeyrissjóðs. Slíkt bann gengur gegn félagafrelsi starfsmannsins m.a. með vísan til þess að um er að ræða starfsemi sem starfsmaðurinn er skyldugur til að vera aðili að.
2. Hingað til hafa þeir sem tilnefnt hafa stjórnarmennina lagt á það áherslu að velja eingöngu sjóðfélaga sem hafa mikla og góða menntun eða hafa mikla reynslu og þekkingu til að bera til að annast þessi störf enda um mjög flókna starfsemi að ræða.

3. Þeir þrír stjórnarmenn sem FME hefur skipað að draga sig í hlé hafa áralanga reynslu af stjórnunarstörfum í lífeyrissjóðnum. Væri mikill missir af þeim stjórnarmönnum. Það er einnig undirstrikað að tveir þessara starfsmanna eru óbreyttir starfsmenn í sinum banka.
4. Með því að njóta starfskrafta m.a. þessara reynslumiklu stjórnarmanna hefur lífeyrissjóðnum tekist að ná hærri árlegri ávöxtun á eignir sínar en flestir eða allir lífeyrissjóðir í landinu.
5. Engin haldbær rök hafi verið færð fyrir því að nauðsynlegt sé að fyrirbyggja að starfsmaður viðskiptabanka geti setið í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna.

Lífeyrissjóðurinn getur út af fyrir sig fallist á að þeir sem gegna æðstu stjórnunarstörfum í banka geti ekki tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðsins og að sú takmörkun taki til bankastjóra og framkvæmdastjóra einstakra deilda sem sjá um fjárfestingar á mörkuðum.


Þá leggur Lífeyrissjóðurinn á það áherslu að nauðsynlegt sé að stjórnarmaður eins lífeyrissjóðs geti setið í stjórn annars lífeyrissjóðs eins og tillaga er sett fram um enda sé ekki um hagsmunaárekstra að ræða. Þá telur lífeyrissjóðurinn það alls ekki nauðsynlegt að slíkar tvær stjórnarsetur séu háðar þeim takmörkunum sem frumvarpið tiltekur.

Með því að takmarka stjórnarsetu í tveimur stjórnnum er örugglega verið að útiloka aðkomu reynslumikils fólks.

Að lokum skal það skýrt undirstrikað að forðast verður að sú brenglaða og órökstudda staða, sem nú er komin á fái þrífist, og því verður að samþykkja sem allra fyrst þær tillögur sem 1. grein frumvarpsins gerir ráð fyrir með vísan til ofangreinds.

Lífeyrissjóður bankamanna var ekki umsagnaraðili með frumvarpinu og verður því að líta á ofangreindar athugasemdir í því ljósi eða sem viðbót við umsögn Landsamtaka lífeyrissjóða.

**Virðingarfyllst,
F.h. Lífeyrissjóðs bankamanna**



**Sigtryggur Jónsson
framkvæmdastjóri**